

8. gr.

Nú eru leyfð afnot af hitaveitunni til annars en húshitunar, svo sem þurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 1 460,00 í hvert skipti.

Notandi á ekki rétt á lækkun orkureiknings þann tíma sem afhending varmaorku er stöðvuð, vegna vanskila.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Ólafsfjarðar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. nóvember 1992 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 81, 26. febrúar 1992.

Iðnaðarráðuneytið, 21. október 1992.

F. h. r.

Kristmundur Halldórsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um starfsréttindi og starfssvið lyfjatekna
nr. 199/1983 og afnám reglugerðar nr. 196/1983
um Lyfjateknaskóla Íslands.**

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Rétt til að öðlast starfsleyfi, sbr. 1. gr., hefur sá einn sem lokið hefur prófi við lyfjateknabraut framhaldsskóla sem metið er gilt af heilbrigðisyfirvöldum.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 196/1983 um Lyfjateknaskóla Íslands með áorðnum breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 15. gr. laga nr. 76/1982 um lyfjadreifingu og lögum um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta nr. 34/1985, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. október 1992.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglum nr. 357/1990 um smíði og öryggisbúnað
báta styttri en 6 m að lengd.**

1. gr.

Grein 1.2 orðist svo:

Reglur þessar gilda ekki um smábáta, sem blásnir eru upp með loftkenndu efni, vatna-
sleða eða svifnökkva, sem ekki eru notaðir í atvinnuskyni.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 3. mgr. 1. gr. laga um eftirlit með skipum nr.
51/1987 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga
að máli.

Samgönguráðuneytið, 1. október 1992.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 290, 28. júlí 1992, um veiðar í atvinnuskyni
fiskveiðiárið 1. september 1992 til 31. ágúst 1993.**

1. gr.

Í stað: „þ.a. Arnarfjörður ... 600 lestir“ og „þ.a. Húnaflói ... 2 000 lestir“, í 1. mgr. 4. tl.
3. gr. komi: þ.a. Arnarfjörður ... 700 lestir og þ.a. Húnaflói ... 1 500 lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða
til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. október 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.